



Til sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands

Reykjavík 16. nóvember 2021
Tilv. 2111122/2.6.2

Efni: Skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns

Ágæti viðtakandi

Þjóðskjalasafn Íslands hefur gefið út skýrslu með niðurstöðum úr eftirlitskönnun safnsins á skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns Íslands. Könnunin fór fram í mars á þessu ári. Úrvinnslu úr innsendum gögnum lauk undir lok nýliðins árs og var skýrslan gefin út í kjölfarið.

Í skýrslunni eru upplýsingar um könnunina, tölulegar niðurstöður, umfjöllun um meginniðurstöður og tillögur til úrbóta. Meginniðurstöður könnunarinnar eru á bls. 8–10 og tillögur að úrbótum á bls. 11.

Skýrslan er aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns Íslands: <https://skjalasafn.is/files/docs/Skjalavarsla-og-skjalastjorn-sveitarstjornarskrifstofa.pdf>.

Athygli er vakin á því að framkvæmdastjóri sveitarfélags ber ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn viðkomandi sveitarfélags sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þá er rétt að áréttu að afhendingarskyldum aðilum, þ.m.t. sveitarstjórnnum, er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í reglum sem Þjóðskjalasafn setur á grundvelli laganna, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Fyrir hönd þjóðskjalavarðar,

Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs